

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**  
Stofnað 28. apríl 1945



*Pinggerð*  
*51. þings ÍBH*

**Haldið laugardaginn 11. maí 2019**  
**í Hásölum**

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

**1. Þingsetning Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.**

Fór yfir fjölda iðkenda á tímabilinu og fjölgun á iðkendum, ÍBH er þriðja stærsta íþróttahéraðið. Þrjú ný íþróttafélög voru stofnuð á tímabilinu, Bogfímifélagið Hrói Höttur, Knattspyrnufélagið Ásvellir og Bílaklúbbur Hafnarfjarðar.

Fór einnig yfir framkvæmdir íþróttamannvirkja og hvað er framundan í þeim efnum. Rekstur íþróttafélaga er jafnan í járnnum og því skiptir þjónustusamningurinn við Hafnarfjarðarbæ miklu máli. Lísti ánægju yfir auknu framlagi ríkissjóðs til Afrekssjóðs ÍSÍ og Ferðasjóðs ÍSÍ.

Fór yfir mikilvægi þess að gæta að heildinni við ákvarðanatöku og að öll íþróttastarfssemi er jafnmikilvæg. Ábyrgð forystufólks innan hreyfingarinnar er mikil.

**2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.**

Stungið upp á Lúðvíki Geirssyni sem þingforseta og Kristbirni Óla Guðmundssyni til vara. Samþykkt með lófaklappi. Lúðvík Geirsson tók við. Stungið upp á Hlín Ástþórsdóttur sem þingritara og Valgerði Sigurðardóttur til vara. Samþykkt með lófaklappi.

**3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.**

Karl Georg Klein (SH) formaður, Jelena Kospenda (HFH) og Pröstur Erlingsson (Fjörður). Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

**4. Skýrsla stjórnar: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.**

Elísabet stiklaði á stóru úr skýrslu stjórnar en tók fram að skýrslan er í heild sinni á heimasíðu ÍBH. Helstu breytingar frá síðasta þingi var kjörin stjórn í stað fulltrúastjórnar, stjórnin hefur verið virkari fyrir vikið. Á tímabilinu var ráðinn var nýr starfsmaður.

Fimm nefndir vorur skipaðar á tímabilinu, nefnd um íþróttakynningar sem notuðu Bjarta daga til að hvetja íþróttafélögin í að kynna starfsemi sína. Nefnd um hreyfipjálfun aldraðra en vinna Janusar með öldruðum hefur vakið mikla lukku. Nefnd um fjármögnun íþróttafélaga en það hefur verið erfitt að fjármagna starfið. Einnig nefnd um viðbragsteymi íþróttafélaga og nefnd um sögu ÍBH.

Tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum er í föstum skorðum og eru reglurnar endurskoðaðar árlega en óhætt að segja aðstaða félaga er mjög misjöfn.

Fræðslu og forvarnarmál er mikil í samvinnu við ÍSÍ, ÍSÍ sendir upplýsingar til ÍBH varðandi þá fræðslu sem er í boði hverju sinni. Elísabet tók fram að fræðslubæklingar eru til rafrænt á heimasíðu ÍSÍ og auðvelt að dreifa þeim þannig til félaga.

ÍBH var með tvö námskeið í lyfjaforvörnum annars vegar á Ásvöllum og hins vegar í Kaplakrika, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Ásgeir Örn Hallgrímsson tóku þátt og miðluðu af sinni reynslu.

Forvarnardagur var í 9. bekk og framhaldskólunum bæði 2017 og 2018 og fá skólarnir íþróttamenn sem þykja góðar fyrirmyndir í skólana til að spjalla við krakkana.

Skipulagt íþróttastarf hefur mikið forvarnargildi og það ætti að þýða að stjórnmalafólk væri meira tilbúið til að styrkja starfið betur, mjög há prósentu af ungmennum sem taka þátt í íþróttastarfi samkvæmt skýrslum frá Rannsóknnum og greiningu.

Flensborgarhlaupið er orðin árlegur viðburður, hlaupahópur FH og og skokkhópur Hauka aðstoða við framkvæmd hlaupsins en segja má að hlaupið sé afsprengi þess að Flensborgarskólinn var fyrsti skólinn á landinu að verða heilsueflandi framhaldsskóli.

Afreksmannasjóður ÍBH er skipaður þremur fulltrúum frá ÍBH og tveimur fulltrúum frá Hafnarfjarðarbæ. Elísabet fór yfir úthlutun á tímabilinu heildarúthlutun 2017 var kr. 18.725.000, sem var töluvert meira en var á áætlun og var aukið framlag ÍBH til sjóðsins það ár. Reglugerð sjóðsins var breytt 1. janúar 2018 og skoðað hvernig aukið framlag í Afreksjóð ÍSÍ hefur haft áhrif og breytt í samræmi við það og því aukin úthlutun til ungmenna frá ÍBH. Heildarúthlutun 2018 var kr.13.835.000. Úthlutanir koma fram í skýrslu stjórnar á heimasíðu ÍBH.

14 keppendur frá ÍBH á Smáþjóðaleikunum í San Marínó 2017, úr sundi, frjálsíþróttum, körfuknattleik og borðtennis.

Þrjú fulltrúaráðsfundir voru haldnir í stað formannafundar

Á ÍSÍ þingi voru þær breytingar samþykktar að nú sækja framkvæmdastjórar einnig formannafund ÍSÍ ásamt formönnum, Elísabet var ánægð með þessar breytingar.

Einnig var ný afreksstefna samþykkt ásamt fleiru.

Nýtt Felix kerfi var tekið í notkun 2017 og voru einhverjar tafir á skilum vegna þessa en ÍBH ber ábyrgð á skilum til ÍSÍ.

Lottóúthlutun til ÍBH er um 2 milljónir á mánuði og hefur hækkað lítillega.

Það eru ekki mörg Fyrirmyndarfélag ÍSÍ í ÍBH og Elísabet hvatti félag til að skoða það og sækja um. SH var með þeim fyrstu sem fékk titilinn Fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2004 en félagið tók þátt í þróun verkefnisins ásamt öðrum.

Viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fór fram með hefðbundnu sniði 2017 og 2018 og þakkar ÍBH Hafnarfjarðarbæ fyrir aðkomu sína af þessum heiðrunum yfir 400 Íslandsmeistarar heiðraðir bæði árin. Nánari útlistun í skýrslunni.

Undirritaður var nýr samningur við RioTinto, heildarupphæð samningsins er kr. 58.000.000 og það er ekki sjálfgefið að halda þessum stuðningi og því þurfa félagin að sinna vel skyldum sínum til að halda stuðningnum.

Frístundastyrkurinn er nú 4000 á mánuði, frá og með 1. janúar 2019 er aldurinn frá 6 til 18 ára sem hægt er að sækja um fyrir. En vonast er eftir hækkun.

Golfklúbburinn Keilir átti 50 ára afmæli og hélt veglega veislu af því tilefni.

Ný lyfta sem ætluð er fötluðum var vígð í Ásvallalaug 2017.

Ný körfuknattleikssalur á Ásvöllum var vígður 2018 en hann er nánast tilbúinn og vert er að þakka Hafnarfjarðarbæ fyrir salinn. Salurinn verður einnig notaður fyrir skólaíþróttir. Salurinn fékk nafnið Ólafssalur eftir Ólafi Rafnssyni heitnum.

Samvinna við Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar hefur verið góð, gerð allra samninga við ÍBH er í höndum nefndarinnar.

Á íþróttafreksbraut Flensborgarskólans voru 191 nemandi 2017 og 181 nemandi 2018 úr ýmsum íþróttafélögum.

Elísabet fór yfir formannaskipti á árunum 2017 og 2018 en mikið var um breytingar. Eykst álagið á bænum og ÍBH við svona mikil skipti.

Þrjú ný íþróttafélög voru stofnuð á tímabilinu eins og komið hefur fram.

ÍBH er ekki aðili að UMFÍ en hefur þátttökurétt á Landsmótum UMFÍ, bæði 2017 og 2018 tóku keppendur úr nokkrum greinum þátt.

Minnti á að skýrslan er á heimsíðu ÍBH, [www.ibh.is](http://www.ibh.is), reynt að hafa flest pappírslaust.

### **Reikningar ÍBH: Ragnar Hilmarsson gjaldkeri ÍBH.**

Fjórir ársreikningar 2017 og 2018 ÍBH og 2017 og 2018 Afreksmannasjóður ÍBH: Ragnar fór yfir lykiltölur, ekki mikil breyting á milli ára, hækkun launakostnaðar. Afkoman svipuð á milli ára.

Ársreikningur Afreksmannasjóðs Elísabet fór yfir úthlutanir í skýrslunni, sjóðurinn fór fram úr áætlun vegna aukningar á stærri verkefnum, þurfti að breyta reglum sjóðsins vegna þessa.

## 5. Ávörp gesta.

### Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar

Þakkar öllum fyrir óeigingjarnt starf án ykkar væri íþróttahreyfingin ekki jafn öflug. Höldum áfram að hvetja til íþróttastarfs.

Frístundastyrkur og frístundaakstur eru nauðsynlegir fyrir starfið í Hafnarfirði.

Tveir samningar undirritaðir í janúar sl. annars vegar þjónustusamningur við ÍBH, fór yfir hvað í honum felst og hins vegar samstarfsamningurinn við ÍBH, samningar við íþróttafélögin eru undirsamningar þess samnings, einnig fór hann yfir hvað felst í honum.

Framkvæmdir á íþróttamannvirkjun hafa gengið vel, auðvitað viljum við meira og þarf allt að gerast í sátt og samvinnu og af skynsemi. Við höfum gert það og gerum það áfram.

Ágúst Bjarni fór yfir þau verkefni sem eru í gangi núna. 550 milljónir króna á ári er á áætlun hjá bænum í ný íþróttamannvirki.

Þakkar fyrir góð störf og minnir fólk á að huga að heildinni.

### Hafsteinn Pálsson framkvæmdastjórn ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ

Flytur kveðju Lárusar Blöndal forseta ÍSÍ og Líneyjar Rutar Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Óskaði ÍBH til hamingju með þeirra góða starf, til fyrirmyndar á landsvísu.

Varðandi Getspá og getraunir, þá þurfum við að standa vörð um það, því við erum í samkeppni við ólöglega starfsemi. Hvetur félögin til þess að kynna sér tekjumöguleika í gegnum getraunir.

Starfið hjá ÍSÍ er alltaf að aukast, fór yfir þau verkefni sem eru framundan bæði erlendis og á almenningsíþróttasviði.

Honum var falið það gleðilega verk að sæma Jón Gest Viggósson heiðurskross ÍSÍ Hafsteinn fór yfir hans starf í þágu íþróttanna, Jón Gestur var lengi í framkvæmastjórn ÍSÍ fyrir utan störf fyrir FH og ÍBH.

### Fjóla Signý Hannesdóttir varaformaður Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ)

Bar fyrir kveðjur frá Frjálsíþróttasambandi Íslands og fór yfir mikilvægi þess að árangurinn á vellinum er ekki það eina sem skiptir máli. Styrkur félagsstarfsseminnar skiptir miklu máli. Á þingum ÍBH og ÍSÍ kemur fólk með ólíkan grunn og mótár stefnu til framtíðar.

Frjálsíþróttadeild FH er öflug og ekki hægt að telja upp afrekin hjá þeim.

Stjórn FRÍ sæmir 5 einstaklinga heiðursmerkjum sambandsins.

Friðleifur Friðleifsson, Bjarki Valur Bjarnason og Hörður Jóhann Halldórsson fá Eirmerki FRÍ.

Pétur S. Sigurgeirsson fær silfurmerki FRÍ og Helgi Freyr Kristinsson fær gullmerki FRÍ.

Fjóla óskaði velfarnaðar á þinginu.

### Formaður Kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fulltrúafjölda:

Fimleikafélagið Björk 7 fulltrúar

Knattspyrnufélagið Haukar 7 fulltrúar

Fimleikafélag Hafnarfjarðar 7 fulltrúar

Hestamannafélagið Sörli 5 fulltrúar

Íþróttafélag Hafnarfjarðar á rétt á 2 fulltrúum en skiluðu ekki kjörbréfi

Golfklúbbur Hafnarfjarðar 7 fulltrúar

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar á rétt á 3 en 1 fulltrúi samkvæmt kjörbréfi

Golfklúbburinn Setberg 4 fulltrúar  
Kvartmíluklúbburinn 7 fulltrúar  
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar á rétt á 5 fulltrúum en 2 fulltrúar samkvæmt kjörbréfi  
Badmintonfélag Hafnarfjarðar á rétt á 5 fulltrúum en 3 fulltrúar samkvæmt kjörbréfi  
Sundfélag Hafnarfjarðar 7 fulltrúar  
Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar á rétt á 4 fulltrúum en 2 fulltrúar samkvæmt kjörbréfi  
Íþróttafélagið Fjörður 2 fulltrúar  
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar á rétt á 2 fulltrúum en skiluðu ekki kjörbréfi  
Hjólreiðafélagið Bjartur á rétt á 2 fulltrúum en 1 fulltrúi samkvæmt kjörbréfi  
Siglingaklúbburinn Þytur 4 fulltrúar  
Brettafélag Hafnarfjarðar á rétt á 5 fulltrúum en 2 fulltrúar samkvæmt kjörbréfi  
Samtals fulltrúar 68.

## 6. Umræða og afgreiðsla um ársskýrslu og ársreikninga.

Engin umræða var um ársskýrslu og ársreikninga.

Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar.

*Samþykkt – þingskjal 1*

Ársreikningar bornir upp til samþykktar, hver fyrir sig

Ársreikningur ÍBH 2017

Ársreikningur ÍBH 2018

Ársreikningur Afreksmannasjóðs ÍBH 2017

Ársreikningur Afreksmannasjóðs ÍBH 2018

*Samþykkt – þingskjal 2*

## 7. Kosnar þrjár fastanefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og íþróttanefnd.

Tillögur um nefndarmenn lesnar upp, engar athugasemdir, samþykkt.

**Fjárhagsnefnd:** Ragnar Hilmarsson (Þytur) formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Ásgeir Jónsson (FH), Tómas Gísli Guðjónsson (SH) og Már Sveinbjörnsson (Keilir).

**Allsherjarnefnd:** Ingvar Kristinsson (Björk) formaður, Samúel Guðmundsson (Haukar), Þorgeir Arnar Jónsson (FH), Atli Már Ingólfsson (Sörli), Hörður Þorsteinsson (BH), Haukur J. Eiríksson (DÍH), Ólafur Þór Ágústsson (Keilir) og Aðalsteinn Valdimarsson (Brettafélag Hafnarfjarðar).

**Íþróttanefnd:** Anna Lilja Sigurðardóttir (BH) formaður, Sigurður Haraldsson (FH), Helga Helgadóttir (Haukar), Karl Ómar Karlsson (Keilir), Atli Már Sigurðsson (DÍH) og Aðalbjörg Óladóttir (SH).

## 8. Kynning á tillögum og málum sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.

Fyrir þinginu liggja 8 tillögur, þingforseti las upp tillögur og vísaði til nefnda.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um að breyta nafni Afreksmannsjóðs ÍBH – Vísað til Íþróttanefndar, þingskjal 3.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um afrekssjóð fyrir innra starf aðildarféлага ÍBH – Vísað til Fjárhagsnefndar, þingskjal 4.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2019 - 2021 – Vísað til Fjárhagsnefndar, þingskjal 5.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um rekstrarhandbók íþróttafélaga – Vísað til Íþróttanefndar, þingskjal 6.

**Stjórn ÍBH-** tillaga um aukna samvinnu við íþróttafreksbraut Flensborgarskólans – Vísað til Íþróttanefndar, þingskjal 7.

**Stjórn ÍBH**- tillaga um brottvíkningu félags – Vísað til Allsherjarnefndar, þingskjal 8.

**Stjórn ÍBH**- tillaga um að hækka frístundastyrki – Vísað til Fjárhagsnefndar, þingskjal 9.

**Stjórn ÍBH/Allsherjarnefnd ÍBH** - tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2019 - 2028 – Vísað til Allsherjarnefndar, þingskjal 10.

### Samúel Guðmundsson frá Haukum

Kynnir stöðu á uppbyggingu íþróttastöðu Hauka. Haukar hafa setið svolítið eftir, hefur verið starfandi uppbyggingarnefnd í samvinnu við Hafnarfjarðabæ. Framkvæmdanefndin mun skila skýrslu. Í undirbúningi hefur verið að byggja knattús og það má breyta hluta af svæðinu í íbúðasvæði. Búið að fresta ýmsum framkvæmdum til að leggja áherslu á knattúsið, sýndi myndir af hönnun hússins og svæðinu í kring og fór yfir grunnhönnun þess.

### Atli Már Ingólfsson frá Sörla

Staðan hjá Sörla, 10 ár síðan við byrjunum að bíða, forhönnun er lokið, arkitektinn hefur gefið sína vinnu hingað til. Vinna að gerð framkvæmdasamnings er í gangi. Innan félags er mikil vinna og verið að leita styrkja og ýmis fjáröflun í gangi í sambandi við þetta verkefni. Eina Hestamannafélagið í Hafnarfirði og mikil fjölgun innan félagsins. Félagið hefur setið eftir varðandi framkvæmdir.

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH	Stjórn ÍBH	
3.	Tillaga um að breyta nafni Afreksmannasjóðs ÍBH	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
4.	Tillaga um afrekssjóð fyrir innra starf aðildarféлага ÍBH	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
5.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2019 - 2021	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
6.	Tillaga um rekstrarhandbók íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
7.	Tillaga um aukna samvinnu við íþróttafreksbraut Flensborgarskólans	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
8.	Tillaga um brottvíkningu félags	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
9.	Tillaga um að hækka frístundastyrki	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar

10.	Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2019 – 2028 lögð fram á 51. þingi ÍBH	Stjórn ÍBH / Allsherjarnefnd ÍBH	Allsherjarnefndar
-----	---	----------------------------------	-------------------

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu þingforseta.

## 9. Nefndarstörf.

Þinghlé kl. 12.30. Sýnt var myndefni úr íþróttalífinu í Hafnarfirði 2017 og 2018 og boðið upp á veitingar.

## 10. Framhald á nefndarstörfum.

Nefndir luku störfum fyrir hádegishlé.

## 11. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

### Samþykktar tillögur á 51. þingi ÍBH

#### **Íþróttanefnd:**

Anna Lilja Sigurðardóttir gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Allir sammála í nefndinni.

#### *Þingskjal 3*

#### **Tillaga um að breyta nafni Afreksmannasjóðs ÍBH**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að breyta nafni Afreksmannasjóðs ÍBH í Afrekssjóð ÍBH.

***Greinargerð:*** Mismunandi aðilar úr samfélaginu þ.e. úr stjórnámálum, íþróttahreyfingunni og fólk sem m.a. starfar við jafnréttismál, hafa komið að máli við ÍBH og óskað eftir því að nafni sjóðsins verði breytt og “manna” verði tekið út úr nafni sjóðsins.

*Samþykkt samhljóða.*

#### *Þingskjal 6*

#### **Tillaga um handbók íþróttafélaga**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að koma sér upp handbók.

#### ***Greinargerð:***

Verkefnið hefur þau markmið að auka gæðin í starfi félaga og deilda. Verkefnið hvetur félög og deildir til að taka saman upplýsingar um skipurit félaga/deilda og hvaða starfsemi á að bjóða upp á og hvernig. Fyrir nýtt stjórnarfólk í félögum/deildum er ómetanlegt að geta gengið að þessum upplýsingum við upphaf starfsins. Mikilvægt

er að endurskoða skipurit, starfsemi, stjórnir, nefndir, hópa o.fl. inn í félögum / deildum reglulega.

Leggur til að breyta í handbók í stað rekstrarhandbók.  
*Samþykkt samhljóða með breytingum.*

*Þingskjal 7*

### **Tillaga um aukna samvinnu við íþróttafreksbraut Flensborgarskólans**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að auka samstarfið við íþróttafreksbraut Flensborgarskólans um fræðslu.

#### ***Greinargerð:***

ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands bjóða reglulega upp á fræðsluerindi sem eiga erindi við bæði íþróttamennina og þjálfara á afreksbrautum félaganna. Með samvinnu ÍBH og Flensborgarskólans er stefnt að því að færa valda fræðslu nær þeim sem þurfa á henni að halda.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Fjárhagsnefnd:**

Ragnar Hilmarsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Þingskjal 4*

### **Tillaga um afrekssjóð fyrir innra starf aðildarfélaganna ÍBH**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ og fyrirtæki til að stofna með ÍBH afrekssjóð fyrir fullorðna til fjármögnunar á innra starfi aðildarfélaganna ÍBH og gera samning milli aðila um sjóðinn.

***Geinargerð:*** Fjárstuðningur fyrirtækja við íþróttahreyfinguna hefur breyst að sögn stjórnarfólks í félögum. Stór fyrirtæki vilja frekar styðja við stærri sérsambönd innan ÍSÍ eða ÍSÍ sjálf. Þetta hefur m.a. gert það að verkum að íþróttafélög hafa átt erfitt með að fá fjárstuðning frá stórum fyrirtækjum og hefur hann farið minnkandi undanfarin ár að sögn íþróttafélaganna. Nefnd á vegum stjórnar ÍBH um fjármögnun íþróttafélaganna hefur unnið drög að því hvernig slíkur sjóður getur litið út með aðkomu bæjarfélagsins og nokkurra fyrirtækja. Stuðningur bæjarfélagsins við íþróttahreyfinguna miðast að mestu leyti við börn í íþróttum. Kostnaður íþróttafélaganna er mikill við ungmenna- og meistaraflokka. Flestar íþróttagreinar í Hafnarfirði með fullorðið fólk, iðkendur sem eru 18 ára og eldri sem taka þátt í mótum innanlands s.s. Íslandsmeistaramótum, bikarkeppnum og öðrum mótum sem eru í boði í viðkomandi íþróttagreini eru með kostnaðarsaman rekstur. Tilgangur sjóðsins væri m.a. hugsaður sem styrkur upp í kostnaðinn, svo hafnafirsk íþróttafélög verði samkeppnishæf við íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu.

*Samþykkt samhljóða.*



## Þingskjal 5

## Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2019 - 2021

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH 2019 – 2021.

**Fjárhagsáætlun ÍBH 2019 - 2020 - 2021**
**Tekjur**

	2019	2020	2021	Samtals
1. Húsaleiga	369.771.030 kr	380.864.161 kr	392.290.086 kr	<b>1.142.925.277 kr</b>
2. Lottó	27.970.160 kr	29.088.967 kr	30.252.525 kr	<b>87.311.653 kr</b>
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
3.2 Rio Tinto	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
4. Aðrar tekjur				
4.1 Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.600.000 kr	3.700.000 kr	3.800.000 kr	<b>11.100.000 kr</b>
4.2 Þjónustusamningur HF	10.599.996 kr	11.129.996 kr	11.686.496 kr	<b>33.416.487 kr</b>
4.3 Íslenskar getraunir	1.600.000 kr	1.800.000 kr	2.000.000 kr	<b>5.400.000 kr</b>
4.4 Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	200.000 kr	200.000 kr	200.000 kr	<b>600.000 kr</b>
4.5 Útseldir tímar	2.672.726 kr	2.726.181 kr	2.780.705 kr	<b>8.179.612 kr</b>
4.6 Verkefnatekjur	750.000 kr	750.000 kr	750.000 kr	<b>2.250.000 kr</b>
4.7 Vaxtatekjur	900.000 kr	900.000 kr	900.000 kr	<b>2.700.000 kr</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>438.063.913 kr</b>	<b>431.159.304 kr</b>	<b>444.659.811 kr</b>	<b>1.313.883.029 kr</b>

**Gjöld**

	2019	2020	2021	Samtals
1. Húsaleiga	369.771.030 kr	380.864.161 kr	392.290.086 kr	<b>1.142.925.277 kr</b>
2. Lottó	24.758.174 kr	25.748.501 kr	26.778.442 kr	<b>77.285.117 kr</b>
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri				
3.1 Hafnarfjarðarbær	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
3.2 Rio Tinto	10.000.000 kr			<b>10.000.000 kr</b>
4. Önnur gjöld				
4.1 Afreksmannasjóður ÍBH	1.700.000 kr	1.700.000 kr	1.700.000 kr	<b>5.100.000 kr</b>
4.2 Afmælisgjafir	600.000 kr	0 kr	650.000 kr	<b>1.250.000 kr</b>
4.3 Skrifstofukostnaður	862.266 kr	879.512 kr	905.897 kr	<b>2.647.675 kr</b>
4.4 Laun, launatengd gjöld og akstur	19.257.279 kr	14.950.476 kr	15.398.990 kr	<b>49.606.745 kr</b>
4.5 Skrifstofuáhöld	51.644 kr	53.710 kr	55.858 kr	<b>161.213 kr</b>
4.6 Fundir og ráðstefnur	531.327 kr	552.580 kr	574.683 kr	<b>1.658.589 kr</b>
4.7 Þing ÍBH	400.000 kr	0 kr	450.000 kr	<b>850.000 kr</b>
4.8 Aðk. Akstur, sími o.fl. aðkeypt vinna	2.615.758 kr	2.668.074 kr	2.721.435 kr	<b>8.005.267 kr</b>
4.9 Endurskoðun bókhalds	590.000 kr	442.231 kr	607.700 kr	<b>1.639.931 kr</b>
4.10 Sérverkefni	600.000 kr	620.000 kr	630.000 kr	<b>1.850.000 kr</b>

4.11 Ófyrirséð	280.000 kr	300.000 kr	320.000 kr	<b>900.000 kr</b>
<b>Gjöld samtals</b>	<b>442.017.479 kr</b>	<b>428.779.244 kr</b>	<b>443.083.091 kr</b>	<b>1.313.879.813 kr</b>

**Hagnaður** 3.215 kr

*Samþykkt samhljóða.*

*Þingskjal 9*

### **Tillaga um að hækka frístundastyrki**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hækka frístundastyrki til 6-18 ára barna í íþrótt- og tómstundastarfi og heildar fjárhæð hækki í kr. 60.000 fyrir hvert barn á ári.

#### ***Greinargerð:***

Heildarupphæð niðurgreiðslna á ári er nú kr. 48.000. Hafnarfjarðarbær var frumkvöðull og leiðbeinandi í niðurgreiðslum / frístundastyrkjum til barna í íþróttir og tómstundir frá árinu 2002. Undanfarin ár hefur bæjarfélagið misst forystuhlutverkið meðal sveitarfélaga landsins, en hefur unnið mikið á við að minnka bilið sem komið var. Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði hvetur bæjarfélagið til að gera enn betur og að vera leiðandi meðal sveitarfélaga í frístundastyrkjum til fjölskyldna í Hafnarfirði.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **Allsherjarnefnd:**

Ingvar Kristinsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Þingskjal 8*

### **Tillaga um brottvíkningu félags**

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að víkja Lyftingafélagi Hafnarfjarðar úr bandalaginu.

#### ***Greinargerð:***

Samkvæmt lögum ÍBH, 5. grein, getur þing ÍBH tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum eða hafi ekki haldið aðalfund. Félagið hefur ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund síðan í mars 2016.

*Samþykkt samhljóða.*

*Þingskjal 10*

Ingvar tók fram að hér er einungis verið að ræða forgangsröðun nýrra verkefna og gert ráð fyrir að þingið skili frá sér forgangsröðun til Hafnarfjarðarbæjar.

Meirihluti nefndarinnar setur fram númeraröðun en með fyrirvara um aðstöðu fyrir Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.

Breytingartillaga frá nefndinni með númeraröðun.

**Magnús Gunnarsson** var með breytingartillögu um að tillagan verði óbreytt þ.e.a.s. ónúmeruð. Magnús fór yfir tilurð sundhallarinnar á Ásvöllum varðandi eftirgjöf á svæði undir

það. Erum ávallt í viðræðum við bæinn og búnir að vera í samtali varðandi knattús á Haukasvæðinu og komin er viljayfirlýsing. Var sáttur með listann þar sem hann var nánast tímasettur. En alltaf tilbúinn að ræða ef miklar breytingar hafa verið í félögunum.

**Atli Már Ingólfsson** á öllum fundum millipinganevndarinnar var unnið með þessa númeraröðun og var bara nýbúið að taka þessi númer út. Verkefni 1 og 2 ættu að hefjast 2019 má gera ráð fyrir að hefjist 2020 hvernig ætti það að hjálpa bænum og hvar ætti að byrja. Var góð sátt um þetta í millipinganevnd. Með því að taka númerin í burtu erum við að fara tilbaka og í slaginn. Er ekki betra að vita hvernig röðin er?

**Ingvar Kristinsson** vill að þetta sé eftir ártölunum ekki númerað.

**Atli Már Ingólfsson** getur ekki séð að bærinn fari af stað með mörg verkefni sama árið. Eigum að halda okkur við að gera það sem er ætlast til af okkur þ.e.a.s. að hafa forgangsröðunina númeraða.

**Magnús Gunnarsson** fór yfir þörfina á knattúsi. Varðandi körfuknattleikssalinn var talið að gott væri að samnýta hann með bænum og byggt í stað íþróttahúss við skólana. Haukarnir þurfa á knattúsi að halda, hverfið er að byggjast upp, eru að leggja til lóf af svæðinu.

Tillagan borin upp eins og hún kemur frá allsherjarnefnd.

Já 20

Nei 13

*Breytingartillagan samþykkt.*

Lagt fyrir með breytingum.

**Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verka í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2019 – 2028 lögð fram á 51. þingi ÍBH.**

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafinn og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e.:

1. Endurbætur/breytingar á golfvelli Golfklúbbsins Keilis á Hvaleyri. Áætlað að ljúki 2021.
2. Bygging íþróttasalar hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum. Áætlað að ljúki 2020.
3. Knattús í fullri stærð hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar í Kaplakrika, ásamt æfingavöllum. Áætlað að ljúki 2021.

**Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:**

1. 2019-2022 bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum. Gert er ráð fyrri að sala á hestúsaloðum að upphæð 90 mkr. fari upp í framkvæmdirnar.
2. 2019-2024 bygging knattúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningaþstöðu og frágangi á bílastæðum. Gert er ráð fyrir að sala á íbúðarlóðum á deiliskipulagssvæði Hauka að upphæð 400 mkr. fari upp í framkvæmdirnar.

3. 2020-2024 bygging á nýrri æfingaraðstöðu fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur verði unninn á árinu 2020.
4. 2020-2027 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúning 2020-2022.
5. 2020-2027 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árunum 2020-2021.
6. 2022-2023 breytingar og viðbygging við golfskála Golfklúbbsins Keilis.
7. 2024-2028 ný akstursbraut og tilheyrandi mannvirki fyrir Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.
8. 2024 malbikun á pittsvæði og uppákeyrslu á kvartmílubraut Kvartmíluklúbbsins
9. 2025-2028 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir badminton og borðtennis fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.
10. 2025-2028 bygging á dýfingarlaug við Ásvallalaug fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar
11. 2027-2028 bygging á áhorfendastúku við knattspyrnuvöll Hauka að Ásvöllum ásamt forsal.
12. 2027-2028 Byggja nýtt hús sem samanstendur af tækjageymslu, kennsluáðstöðu fyrir unglिंगastarf og félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins

## **Annað**

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar verði sköpuð fram tíðar aðstaða í Ásvallalaug ekki síðar en í upphafi árs 2020.

Eins gerir tillagan ráð fyrir því að samið verði við Badmintonfélag Hafnarfjarðar um rekstur á íþróttahúsinu við Strandgötu

Finna þarf stað fyrir framtíðar uppbyggingu Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar. Núverandi aðstaða er í óviðunandi leiguáðstöðu.

*Samþykkt með meirihluta atkvæða.*

### **12. Kjör formanns ÍBH.**

Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafnkel Marínósson og var hann kjörinn formaður ÍBH 2019 - 2021 með dýnjandi lófaklappi.

### **13. Kosning í stjórn ÍBH 2019 – 2021.**

Karl Georg Klein formaður kjörbrefanefndar lýsti kjöri í stjórn ÍBH, las nöfnin upp í stafrófsröð.

Aðalmenn: Aðalsteinn Valdimarsson Brettafélag Hafnarfjarðar, Hörður Þorsteinsson Badmintonfélag Hafnarfjarðar, Karl Georg Klein Sundfélag Hafnarfjarðar, Kristinn Arason Fimleikafélagið Björk, Magnús Gunnarsson Knattspyrnufélagið Haukar, Ragnar Hilmarsson Siglingaklúbburinn Þytur, Sveinn Sigurbergsson Golfklúbburinn Keilir, Þórarinn Sófússon Golfklúbburinn Setberg.

Varamenn: Viðar Halldórsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Atli Már Sigurðsson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.

Ingvar Kristinsson vakti athygli á því að í nýkjörinni stjórn væri ekki fulltrúi Fimleikafélags Hafnarfjarðar og taldi það ekki æskilegt.

Högni Friðþjófsson formaður Golfklúbbsins Setbergs, dró aðalfulltrúasætið til baka fyrir fulltrúa Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Fulltrúi Golfklúbbsins Setbergs tekur varafulltrúasæti Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Breytingin borin upp við þingið og samþykkti.

Eftirtaldir átta aðilar voru kosnir í stjórn ÍBH:

Stjórnarmenn	Félag
Hörður Þorsteinsson	Badmintonfélag Hafnarfjarðar
Kristinn Arason	Fimleikafélagið Björk
Aðalsteinn Valdimarsson	Brettafélag Hafnarfjarðar
Magnús Gunnarsson	Knattspyrnufélagið Haukar
Ragnar Hilmarsson	Siglingaklúbburinn Þytur
Sveinn Sigurbergsson	Golfklúbburinn Keilir
Viðar Halldórsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Karl Georg Klein	Sundfélag Hafnarfjarðar

Eftirtaldir tveir aðilar voru kosnir til vara.

Stjórnarmenn	Félag
Þórarinn Sófússon	Golfklúbburinn Setberg
Atli Már Sigurðsson	Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

#### 14. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH og tveggja til vara.

Tillaga lá fyrir um Ársæl Guðmundsson aðalman, Ingvar Viktorsson varamann, Guðmund Friðrik Sigurðsson aðalman og Skúla Valtýsson varamann. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.

#### 15. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Vísað til stjórnar. Íþróttþing ÍSÍ var helgina 3. – 4. maí sl.

#### 16. Heiðranir.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Magnús Gunnarsson stjórnarmaður ÍBH hengdu merki bandalagsins í einstaklinga sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði í að minnsta kosti áratug. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar heiðranir sem voru afhentar á 51. þingi ÍBH laugardaginn 11. maí 2019.

Nafn	Félag	Merki	Störf
Bogi Eggertsson	FH	Silfur	Fyrir þjálfun
Hermann Þór Haraldsson	FH	Silfur	Fyri þjálfun
Felix Woelflin	FH	Silfur	Fyrir þjálfun og kennslu á vegum EAA
Hörður Jóhann Halldórsson	FH	Silfur	Fyrir þjálfun og framkvæmd almenningshlaupa

Friðleifur Friðleifsson	FH	Silfur	Fyrir þjálfun og stjórnarstörf
Guðmundur Heiðar Guðmundsson	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og stjórnarstörf
Arna Stefanía Guðmundsdóttir	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og verðlaun á stórmóti
Hilmar Örn Jónsson	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun, þátttöku á stórmótum og Íslandsmet í sleggjukasti karla
Jón Sigurður Ólafsson	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og verðlaun á stærstu mótunum í öldungaflokki
Kristinn Torfason	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og yfir 40 Íslandsmeistararitla í lang- og þrístökki
María Rún Gunnlaugsdóttir	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og að vera besta sjöþrautarkona landsins
Vigdís Jónsdóttir	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun, margfaldur Íslandsmethafi í sleggjukasti og þátttakandi á stórmótum
Örn Davíðsson	FH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun, margfaldur Íslandsmeistari í hástökki og kastgreinum
Guðmundur Karlsson	FH	Gull	Fyrir íþróttaiðkun, fyrrverandi Íslandsmethafi í sleggjukasti og að vera öflugur framkvæmdastjóri FRÍ
Súsanna Helgadóttir	FH	Gull	Fyrir íþróttaiðkun, stjórnar- og mótastörf í mörg ár fyrir FH og FRÍ
Steinn Jóhannsson	FH	Gull	Fyrir íþróttaiðkun, stjórnar- og mótastörf í mörg ár fyrir FH og FRÍ
Elín Magnúsdóttir	Sörli	Silfur	Fyrir uppbyggingarstarf barna- og unglingsstarfs og er ein af stofnendum Æskunnar og hestsins 1992
Stefanía B. Sigurðardóttir	Sörli	Silfur	Fyrir stjórnarstörf
Páll Ólafsson	Sörli	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og er einn af stofnendum Íþróttadeildar Sörla 1979
Ásmundur Jónsson	Fjörður	Silfur	Fyrir dómgæslu og sjálfbóðaliðastörf
Guðlaug Oddný Sigmundsdóttir	Fjörður	Silfur	Fyrir foreldrafélagsstörf og sjálfbóðaliðastörf

### 17. Önnur mál.

Engin.

### 18. Þingslit.

Hrafnkell þakkaði stuðninginn. Hann þakkaði samstarfsaðilum ÍBH s.l ár fyrir samstarfið. Íþróttir eru áberandi í Hafnarfirði og umfjöllun áberandi. Hvatti hann félögin til að nýta sér samfélagsmiðla til að bæta upplýsingagjöf til félagsmanna og almennings. Einnig hvatti hann félögin til auka gegnsæi.

Að lokum þakkaði hann fyrir og sleit þinginu um rúmlega þrjú.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar bauð þingfulltrúum og gestum í móttöku í Hafnarborg að loknu þingi.

# Rio Tinto

*Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs  
aðildarfélaganna ÍBH*